

Nd.

338. Breytingartillögur

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr.
 - a. Fyrstu málsgr. skal orða svo:

Landeigandi hefir einn umráð veiði í vötnum í landi sínu.
 - b. 3., 4. og 5. málsgr. falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
 1. Eigi má veiða lax nema 3 mánuði á hverju ári. Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu í hverju héraði setja fastar reglur um, hvenær veiðitíminn skuli byrja þar og enda.
 2. Sömu aðilar skulu ákveða, á hvaða tíma göngusilung megi veiða. Göngusilung má þó ekki veiða nema 5½ mánuð alls á ári.
 3. Á þeim tíma, sem veiði göngusilungs er leyfileg en laxveiði bönnuð, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.
 4. Á þeim tíma, sem veiði er bönnuð samkv. þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum.
4. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Á veiðitíma þeim, sem ákveðinn verður samkv. næstu grein hér á undan, skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangaveiði, 48 stundir á viku hverri, frá laugardagskvöldi kl. 9 til mánudagskvölds kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa milli kl. 9 að kvöldi og kl. 9 að morgni, og aldrei nema fimm daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags.
5. Við 28. gr.
 - a. Í stað „4,5 cm. séu milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
 - b. Í stað „ $\frac{2}{3}$ hlutar“ komi: helmingur.
6. Við 29. gr.
 - a. Í stað „4,5 cm. milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
 - b. 4. málsgr. falli burt.
 - c. 5. málsgr. orðist svo:

Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 2. og 3. málsgr. þessarar greinar og ennfremur sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða tilteknum dráttum hennar.
7. Við 30. gr. Í stað „4,5 cm. séu á milli hnúta“ komi: 23 cm. ummáls.
8. Við 31. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Ráðherra getur, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr.